

Gangsetning og tenging Numens 205-015 þráðlausra reykskynjara.

Athugið að lesa bæklinginn sem fylgir reykskynjaranum!

A. Gangsetning:

1. Settu alla skynjarana, sem þú ætlar að tengja saman, á borð fyrir framan þig.
2. Læsið hverjum skynjara í loftfestinguna.
3. Til að virkja reykskynjarann, haldið niðri Prófun/Þöggun (Test/Silence) hnappnum í 3 sekúndur á hverjum og einum, þá blikkar LED ljósið hratt og heyrir stutt píp sem gefur til að kynna að búið sé að virkja skynjaranna.
4. Merkið einn skynjarann sem MASTER.

B. Uppsetning þráðlausrar tengingar tveggja eða fleiri skynjara:

1. Setjið skynjara #1(Master) í hóp-ham með því að ýta og sleppa prófunar hnappnum 5 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá stutt píp hljóðmerki og rautt LED ljós mun blikka á hálfrar sekúndu fresti. Skynjari #1(Master) mun haldast í hóp-ham í 50 sekúndur (nema slökkt sé á hamnum innan þess tíma).
2. Til að bæta skynjara #2 við hópinn skal ýta og sleppa prófunar hnappnum (á skynjara #2) 2 sinnum innan 2 sekúndna. Skynjari #2 gefur þá stutt píp hljóðmerki til staðfestingar tengingunni.
3. Endurtakið 2. lið til að bæta við skynjurum #3; #4 eða fleiri við hópinn.

C. Tenging við fjarstýringu

Ef tengja á fjarstýringu þá er það gert með eftirfarandi skrefum:

1. Virkja fjarstýringuna
2. Takið plastið af rafhlöðunni.
3. Setjið lokið aftur á.
4. Ýtið 5 sinnum á „Test“ takkann á fjarstýringunni - innan 5 sekúndna.

D. Fjarstýringin mun þá:

- Víbra einu sinni.
- Grænt ljós mun blikka næstu 50 sekúndurnar

E. Tengja fjarstýringuna – Þetta ferli skal gera með lið númer B (Uppsetning þráðlausrar tengingar tveggja eða fleiri skynjara)

1. Ýtið og sleppið „Test“ takkanum 2 sinnum innan 2 sekúndna.
2. Fjarstýringin víbrar þá örstutt til staðfestingar á tengingu.

Til að aftengja skynjara úr hóp:

- Til að aftengja skynjara úr hóp skal ýta og sleppa prófunar hnappnum 8 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá frá sér tvö píp hljóðmerki og rautt LED ljósið blikkar tvisvar til að staðfesta aftenginguna.

Til að prófa skynjara. (Mælt er með að nota heyrnarhlífar vegna mikils hávaða sem kemur).

1. Ýtið og haldið prófunar hnappnum inni í 3 sekúndur.
2. Skynjarinn gefur þá frá sér hljóðmerki (hálf sek. hljóð / hálf sek. þögn) og rautt LED ljós blikkar á 1 sek. fresti.
3. Leyfið skynjurunum að pípa, þeir hætta sjálfkrafa og getur það tekið allt að 10 sekúndur til að þagna.
4. Endurtakið skref 1 til 4 fyrir hvern skynjara.